

18

Kærleikslögmál Guðs

Skýrt hefur verið frá því að það séu yfir 3500 lög í Bandaríkjunum einum en þó hafi Guð náð að draga alla löggjöf sína saman í tíu atriði. Siðferði þjóðfélagsins hnignar á sama tíma og fólk telur siðferðisreglur beygjast eftir aðstæðum og gætir þess eins að vera „pólítískt rétt“. Bænir hafa verið bannaðar í skólum og við erum hissa á því að unglingar skjóti aðra skólafélaga sína. Við höfum fjarlægt Krist úr jólnunum og erum svo hissa á því hvers vegna græðgi og efnishyggja séu á uppleið. Og við höfum fjarlægt lög Guðs úr samfélaginu og veltum því fyrir okkur hvers vegna menning okkar einkennist af kynferðislegu siðleysi og ofbeldi. Í þessu námsefni munum við rannsaka lögmál Guðs og hvernig við nálgumst þau sem kristið fólk sem gefist hefur honum.

1. Hver skrifaði boðorðin 10? 2 Mósebók 31.18

2. Hvaða loforð er gefið þeim sem fylgja boðorðum Guðs? Sálmarir 112.1-3

3. Að hvaða niðurstöðu komst Salómon konungur, vitrasti konungur sem lifað hefur? Prédikarinn 12.13-14

Ath. Að „óttast“ Guð er að virða hann. Ein leið til að sýna Guði virðingu er að hlýða honum.

4. Hvernig lýsir Guð Davíð konungi? Postulasagan 13.21-22

5. Hvert var viðhorf Davíðs til lögmáls Guðs? Sálmarir 119.166-168

Ath. Davíð elskaði Guð og hlýddi lögum hans. Og Guð á móti kallaði hann „mann eftir mínu hjarta“. Hlýðni er Guði mikilvæg.

6. Hvað segir Páll um lögmál Guðs? Rómverjabréfið 7.12

7. Þegar Kristur kom til jarðarinnar, kom hann til þess að afmá lögmálið? Matteus 5.17-18

18-2

8. Hvert var viðhorf hans til þeirra sem brutu lögmálið og kenndu öðrum að gera slíkt hið sama? Matteus 5.19

9. Hvað segir Jesús um þá sem hlýða orði Guðs? Lúkas 11.28

10. Hvað segir Jesús að við eigum að gera ef við elskum hann? Jóhannes 14.15, 21-23; 15.10

Ath. Lögmálið er ekki aðferð til að frelsast heldur staðall kristinnar hegðunar. Lögmálið opinberar eðli Guðs.

11. Hvernig bregst syndugur hugur við lögmáli Guðs? Rómverjabréfið 8.7

12. Hvernig getum við þá hlýtt lögmáli Guðs? Esekíel 36.25-27

*Ath. Ef Andi Guðs lifir í hjörtum okkar þá sjást ummerki þess í hegðun okkar. Hinn kristni gefst Guði **daglega** á vald. Þegar slíkt á sér stað er hlýðni við Krist hin eðlilega afleiðing. Við getum þá látið ljós okkar skína sem vitnisburð um mátt Guðs til að breyta lífi mannsins.*

13. Hvernig bregðumst við við lögmáli Guðs þegar við leyfum Anda Guðs að stjórna okkur? Sálarnir 119.20

14. Hvernig dró Jesús saman lögmálið og spámennina? Matteus 22.37-40

Ath. Fyrstu fjögur boðorðin sýna kærleika okkar til Guðs. Síðari sex boðorðin sýna kærleika okkar til náungans. Þegar eitthvert þessara boðorða er brotið erum við að vanvirða annað hvort náunga okkar eða Guð.

15. Í hverju birtist kærleikur mannsins til Guðs? 1 Jóhannesarbréf 5.3

18-3

16. Hvað er sagt um þá sem segjast elska Guð en hlýða honum ekki?

1 Jóhannesarbréf 2.3-5

17. Hvernig er fólki Guðs lýst á hinum síðustu dögum? Opinberunarbókin 12.17; 14.12

18. Bauð Jesús fylgjendum sínum að kenna fólki að halda allt það sem hann hefur boðið okkur? Matteus 28.20

Samantekt: Það er starf Heilas Anda í lífi hins kristna að breyta honum eða henni ávallt meir og meir til að líkjast Kristi. Þegar Heilagur Andi lifir hið innra með okkur breytir líf hans okkur og gefur okkur nýtt hjarta.

Þar sem boðorðin tíu endurspegla sjálfa lyndiseinkunn Guðs mun líf okkar endurspegla hið sama. Í raun og veru má líta á lög Guðs sem tíu loforð. Með Anda Guðs hið innra muntu ekki vilja hafa aðra guði eða gera náunga þínum mein. Kærleikur Guðs mun starfa í þér og leita út á við.

Svör við nr. 18

Spurning 1 – Guð

Spurning 2 – Hann mun hljóta blessun

Spurning 3 – Óttastu eða virtu Guð og haltu hans boðorð

Spurning 4 – „*Mann eftir mínu hjarta*“

Spurning 5 – Hann elskaði og hlýddi lögmáli Guðs

Spurning 6 – Lögmálið er heilagt

Spurning 7 – Nei

Spurning 8 – Þeir munu kallaður „minnstir“ í ríki Guðs

Spurning 9 – Þeir eru sælir eða blessaðir

Spurning 10 – Halda boðorð hans

Spurning 11 – Syndugur hugur lýtur ekki lögmáli Guðs

Spurning 12 – Guð mun breyta hjarta okkar með því að gefa okkur Anda sinn

Spurning 13 – Við munum þrá að halda lögmál Guðs

Spurning 14 – Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, og náunga þinn eins og sjálfan þig

Spurning 15 – Í því að halda boðorð hans

Spurning 16 – Þeir eru lygarar og sannleikurinn er ekki í þeim

Spurning 17 – Það heldur lögmál Guðs

Spurning 18 – Já